



## **Kennsluáætlun – Haust 2012**

**ENS2A040 – 1. bekkur**

**Kennarar:**

**Ghasoub Abed  
Hildur Hauksdóttir  
Iain-Peter Matchett  
Maija Kalliokoski**

[ghasoub@ma.is](mailto:ghasoub@ma.is)  
[hildur@ma.is](mailto:hildur@ma.is)  
[matchett@ma.is](mailto:matchett@ma.is)  
[majja@ma.is](mailto:majja@ma.is)

### **Lýsing á efni áfangans:**

Nemendur öðlast innsýn í ólíka menningarheima þar sem enska er töluð og efla menningarvitund sína markvisst. Nemendur læra að tjá sig um sjálfa sig og eigið umhverfi á ensku. Nemendur skoða hvað í því felst að búa á Íslandi, hvað við eigum sameiginlegt með enskumælandi þjóðum og hvað er ólíkt. Áhersla er lögð á að nemendur þjálfji sjálfstæð vinnubrögð og tileinki sér árangursríka námstækni. Undirstöðuatriði enskrar málfræði eru rifjuð upp, sérstaklega þau atriði sem reynast íslenskum nemendum erfið. Allir fjórir færniþættirnir, lestur, ritun, hlustun og tal eru þjálfaðir markvisst auk þess sem nemendum er leiðbeint í notkun orðabóka og annarra hjálpargagna.

### **Lokamarkmið áfangans:**

#### **Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

- ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta menninguna í þeim löndum þar sem tungumálið er notað og geti tengt þau eigin samfélagi og menningu
- helstu málfræðiatriðum í enskri tungu, s.s notkun óákveðins og ákveðins greinis, tíðum sagna og eignarfalli
- orðaforða í tengslum við efni áfangans
- samspili íslenskrar tungu og enskrar í ljósi sögu tungumálanna og einnig mikilvægi þess að geta yfirfært upplýsingar (þekkingu) á milli tungumálanna tveggja

#### **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- skilja talað mál frá mismunandi málsvæðum enskrar tungu sem og að skilja algengustu orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talað mál
- lesa fjölbreytta texta í formi bókmennta, texta almenns eðlis og aðra texta sem tengjast efni áfangans
- rita lipra texta byggða á efni áfangans hvort sem um er að ræða bókmenntir eða annað efni
- tjá sig um valin málefni

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni, hvort sem hann þekkir umræðuefnið eða ekki
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta sér það á mismunandi hátt
- leysa ýmis mál sem upp koma í samskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður
- skrifa læsilegan texta um sérvalið efni frá eigin brjósti þar sem hugmyndaflug getur fengið að njóta sín
- hagnýta þann orðaforða sem áfanginn byggir á í ræðu og riti
- beita og miðla þekkingu sinni á íslensku samfélagi samanborið við önnur enskumælandi samfélög
- beita árangursríkri námstækni t.d. við að tileinka sér orðaforða og lesa krefjandi texta
- geta gert grein fyrir í ræðu og riti almennum viðhorfum annarra þjóða til Íslands.

## Námsefni

- *Colours*, 5. útgáfa 2012 – í afgreiðslu MA.
- *English Grammar in Use*, Raymond Murphy (without answers).
- Gott er að eiga góða ensk-ensk orðabók, s.s. *Oxford Advanced Learner's Dictionary* eða *Longman Dictionary of Contemporary English*.

## Kennsluhættir

Farið verður yfir valda leskafla, verkefni og hlustunaræfingar úr *Colours*; textar skulu lesnir vandlega til orðskýringa. Smásögurnar í *Splinters* (græna hluta *Colours*) verða lesnar efnislega. Farið verður munnlega í sögurnar í tímum og verkefni unnin. Í tímum er byggt á ýmist einstaklings-, para- eða hópavinnu. Unnið verður með málfræðibókina *English Grammar in Use*. Ritunaræfingar verðar gerðar; bæði frás ritun og stýrð ritun í formi stíla. Tímarnir fjórir í vikunni líða nokkurn veginn þannig:

- Tveir tíma fara í leskafla *Colours*, verkefni sem bókinni fylgja, ritun, ítarefni og kannanir.
- Einn tími fer í málfræðiæfingar í *English Grammar in Use*.
- Einn tími er bókmenntatími og þá er unnið með smásögurnar í *Colours (Green)*.

***Verkefni sem unnin er upp úr Colours auk annarra verkefna eru sett inn í sérstaka vinnumöppu (Study Folder). Ítarefni frá kennara eru einnig sett í þessa möppu. Kennarar og nemendur nýta sér kennsluumhverfið Moodle í þessum áfanga og ætlast er til að nemendur séu virkir notendur þar.***

## Kennsluáætlun

Vika 1-2: Kynning. Notkun orðabókar (Blue), byrjað á *Colours* (Yellow).  
Vika 3-14: *Colours*, *English Grammar in Use* (textar, æfingar og smásögur).  
Vika 14-15: Endum náð saman.

## Verkefni

Vika 3	24/9 – 28/9	Stöðupróf í málfræði
Vika 10	12/11 - 16/11	Hlustunarpróf
Vika 12	26/11 - 30/11	Próf úr smásögum

## **English Grammar in Use – skipulag**

<b>1. Articles and Nouns</b>	Units 69 – 81	Pages 138 – 163
<b>2. Present and Past</b>	Units 1 – 6	Pages 2 – 13
<b>3. Present Perfect and Past</b>	Units 7 – 18	Pages 14 – 37
<b>4. The future form</b>	Units 19-25	Pages 38-51

### **Námsmat**

1. Hlustunarpróf gildir 5%
2. Smásögupróf gildir 15%
3. Vinnueinkunn gildir 30%. Hér inn í reiknast vinnumappan, virkni á Moodle og almenn frammistaða, t.d. hversu vel nemendur eru undirbúnir í tímum, gæði verkefnavinnu og þátttaka í umræðum. Góð ástundun (mæting) er forsenda góðrar einkunnar.
4. Skriflegt lokapróf gildir 50% einkunnar. Prófað verður á eftirfarandi hátt:
  - Orðskýringar - úr Colours.
  - Málfræði og málfarsæfingar – úr Colours og English Grammar in Use.
  - Stíll – byggður á orðaforða og málfræði annarinnar ásamt almennri málnotkun.
  - Ólesinn texti.

**Réttur áskilinn til breytinga.**

Gangi ykkur vel,

*Ghasoub, Hildur, Iain og Maija*